



Reykjavíkurborg
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið
Lögfræðiskrifstofa

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1673
komudagur 19.4.2006

Reykjavík, 12. apríl 2006
R06040026
175

Félagsmálanefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari

150 REYKJAVÍK

Umsögn Reykjavíkurborgar um þingsályktunartillögu um mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, 41. mál

Vísað er til bréfs, dags. 5. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, 41. mál. Undirritaðri hefur verið falið að koma umsögn Reykjavíkurborgar á framfæri.

Fasteignaskattur er hluti af almennum tekjustofnum sveitarfélaga og sem slíkur annar stærsti tekjustofn sveitarfélaganna í landinu. Honum er ætlað að standa undir almennum rekstri sveitarfélaganna og tengist ekki með neinum hætti kostnaði við tiltekna þætti í rekstri sveitarfélagsins. Reykjavíkurborg leggst alfarið gegn framkominni þingsályktunartillögu og þar með öllum fyrirætlunum um að hverfa frá þessu fyrirkomulagi og breyta fasteignaskatti í þjónustugjald eða tengja hann með einhverjum hætti kostnaði af veitingu þjónustu. Minnt er á að sveitarfélög hafa mörg hver brugðist við hækkun fasteignamats með því að lækka álagningarstuðul fasteigna. Er það eðlileg framkvæmd og í samræmi við stjórnarskrárvárið sjálfsforræði þeirra á tekjustofnum sínum og nýtingu þeirra.

Kristbjörg Stephensen hdl.
skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu